



# SKÁTAHNÍFURINN

Hnífurinn fylgdi forfeðrum okkar dag hvern. Án hnífsins var erfitt að bjarga sér. Kannski mætti nýta hnífinn betur í skátastarfi ef hann væri ávallt til staðar á skátafundum. Í nútíma þjóðfélagi höfum við ekki daglega þörf fyrir hnífinn.

Sé hnífurinn hluti af skátabúningnum höfum við aukna möguleika á að útbúa dagskrá sem skapar jákvæða tilbreytingu frá venjulegri dagskrá flokksfunda. Skátarnir í flokknum ættu að búa til hluti með aðstoð hnífsins og láta reyna á sköpunargáfu og hæfileika sína. Það væri til dæmis hægt að tálga í göngustafinn eða tálga kertastjaka fyrir flokkinn.

Við setningu flokksfundar getur hnífurinn komið að gagni. Í fjörugum leikjum er óráðlegt að bera hníf í beltinu. Byrjið því fund á því að allir taka af sér hnífinn og setja hann í stæði sem flokkurinn hefur sjálfur búið til.

Dæmi um hnífastæði fáíð þið hér en auðvitað getið þið fundið lausn sjálf.



## Meðferð hnífsins:

Undirstaða þess að við getum notað hnífinn í skátastarfinu er virðing fyrir honum og meðferð hans. Fyrst og fremst þurfum við að gæta þess að leika okkur ekki með hnífinn.

Við verðum að skilja að leikur með hníf hefur mikla hættu í för með sér fyrir okkur og félaga okkar.

Sá sem leikur sér með hnífinn á ekki að hafa rétt til þess að bera hann. Sú regla gildir líka á skátamótum. Annað mjög þýðingarmikið atriði er að hirða hnífinn vel og skemma hann ekki. Einnig skal biti haldið í lagi því að bitlaus hnífur er oft hættulegri en sá beitti.